TUDOR RAFGEYMAR
MIKIÐ ÚRVAL - TRAUST OG GÓÐ ÞJÓNUSTA
TUDOR Í 40 ÁR Á ÍSLANDI
• Jepparafgeymar
• Stop-Start rafgeymar
• Rafgeymar í öll farartæki
SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
PÓLLINN
Öflugir • Hátt kaldræsiþol • Hröð endurhleðsla
Póllinn • Pollgata 2 • 400 Ísafjörður • Sími: 456-3092 • www.pollinn.is

# VESTFIRÐIR

13. tölublað
8. árgangur

— 28. NÓVEMBER 2019 —

Jarðgangamöguleikar á Vestfjörðum bls. 8

Söngleikurinn Söngvaseiður var frumsýndur í Félagsheimilinu Bolungavík á fimmtudaginn. Uppselt var á sýninguna. Alls voru sex sýningar. Í salnum var fólk á öllum aldri. Yngstu gestirnir voru þriggja til fjögurra ára og elstu gestirnir um og yfir nírætt. Óhætt er að segja að sýningin hafi tekist vel og voru áhorfendur ánægðir. Það er leiklistarhópur Dóru Jónsdóttur sem stóð fyrir sýningunni.

GUNNEBO Industries
SNJÓKEÐJUR
Keðjur og keðjuefni frá Gunnebo í Svíþjóð. Hér er um að ræða gæða vöru á samkeppnishæfu verði, ýmsar stærðir til.
Piggelin Flex
SR Flex
Gunntrac 5 & 6,5
JÖTUNN

Tilvalinn fyrir jóla-dagatalið!
Nýr miði!
HAPPA PRENNAN
Skemmtilegt að skafa!

VERK VEST
Virkt afl á vinnumarkaði
Upplýsingar um kjaramál á verkvest.is

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir
HUSQVARNA FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm
HUSQVARNA K 770
Sögunardýpt 12,5 sm
HUSQVARNA K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm
HUSQVARNA K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm
HUSQVARNA DM 230
HUSQVARNA
Steinsagarblöð og kjarnaborar
MHG VERSLUN
Framúrskarandi fyrirtæki 2017
ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN
MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

# Nýbyggingar á íbúðarhúsnæði á Vestfjörðum

Á síðustu mánuðum hefur orðið verulegur fjörkippur í nýbyggingu íbúðarhúsnæðis. Sótt hefur verið um lóðir fyrir 83 íbúðir eftir því sem næst verður komist. Framkvæmdum er lokið við þrjár íbúðir og eru í gangi við 18 íbúðir. Úthlutað hefur verið lóðum fyrir 19-21 íbúð að auki. Samtals eru þetta 40-42 íbúðir. Óafgreiddar lóðaumsóknir eru um 40.

Verið er að byggja 13 íbúða fjölbýlishús á Ísafirði og auk þess tvö einbýlishús í Tuguhverfi. Þá hefur nýlega verið byggðar þrjár íbúðir á Reykhólum og voru þær afhentar leigjendum í september. Á Drangsnesi stendur hreppsnefndin fyrir byggingu parhúss. Tálknafjarðarhreppur áformar að byggja 12 íbúðir, einkum fyrir aldraða. Þá ákvað hreppsnefnd Súðavíkurhrepps í síðustu viku að hefja byggingu á fimm íbúðum og er gert ráð fyrir að þær verði fullbyggðar og afhentar í maí 2020.

Í Vesturbyggð hefur verið sótt um lóðir fyrir 45 íbúðir á Bíldudal undir nýbyggingar og úthlutað hefur verið þremur aðilum lóðir undir 14-16 íbúðir, en framkvæmdir eru ekki hafnar. Á Hólmavík er eitt hús í byggingu.

Það eru sveitarfélögin sem hafa frumkvæði að nýbyggingarátakinu og hafa Tálknafjarðarhreppur og Reykhólahreppur fengið framlög frá íbúðalánasjóði til greiðslu á 18% af samþykktum byggingarkostnaði. Ísafjarðarbæ fékk einnig stofnframlag fyrir 11 íbúðum en ákvað síðar að þiggja það ekki og eru íbúðirnar seldar á almennum markaði og virðist markaðsverð vera það hátt að það stendur undir byggingarkostnaði.

# NÝR FÓÐURPRAMMI Á TÁLKNAFIRÐI

Arctic Sea Farm tók á þriðjudaginn á móti nýjum fóðurpramma í Tálknafirði og hefur hann hlotið heitið Stórahorn. Fóðurpramminn er sá þriðji sem fyrirtækið tekur í notkun á árinu. Fyrir eru fóðurprammar í Dýrafirði og Patreksfirði, eða þeir Mýrarfell og Molduxi.

Stórahorn er sérstaklega smíðaður fyrir krefjandi aðstæður eldissvæðis Arctic Sea Farm við Hvannadal í Tálknafirði. Er hann af gerðinni AC 600 PV og framleiddur af Akva Group í Eistlandi, búinn þremur vélum, einni 100 kW og tveimur 175 kW ásamt 33 tonna Palfinger krana. Pramminn tekur 600 tonn af fóðri, er með átta fóðursíló og getur þar með fóðrað átta kvíar samtímis og fær um að fóðra heil 5.400 kg á klukkustund. Innanborðs má síðan finna stjórnstöð, skrifstofu, vel búna starfsmannaaðstöðu og verkstæði. Kostnaður við prammann er um 350 milljónir króna. Til samanburðar þá kostaði togarinn Sirrý ÍS 36 sem keypt var 2015 til Bolungavíkur um 310 milljónir króna.

Fóðurprammar Arctic Sea Farm gera starfsmönnum kleift að fylgjast náið með fóðurinntöku fisksins, er þess sérstaklega gætt að fiskurinn fái þá næringu sem hann þarf til að vaxa og dafna. Kemur slíkt verklag í veg fyrir umfram fóðrun og fellur því fóður síður á botn sjávar og er umhverfinu þannig haldið sem hreinustu. Með þessu er leitast við því að standast strangar kröfur umhverfisstaðalsins ASC og að viðhalda sjálfbærri og umhverfisvænni matvælaframleiðsu sem fiskeldið svo sannarlega er.

# Þriðjungur fiskeldisins á Vestfjörðum

Árinu 2017 var 35% af öllu fiskeldi á landinu það ár á Vestfjörðum. Næst komu Suðurnesin með 19% og svo Suðurlandi með 11%. Þetta kemur fram í skýrslu Byggðastofnunar um hagvöxt landshlutanna. Frá 2017 hefur fiskeldið vaxið hröðum skrefum, einkum er það laxeldi í sjó og er stór hluti aukningarinnar tilkomin á Vestfjörðum.

Útflutningsverðmætið hefur vaxið um 50% frá 2017 til 2019 og er talið að það nái 20 milljörðum króna á þessu ári. Á næstu tveimur árum er talið að útflutningsverðmætið tvöfaldist og verði um 40 milljarðar króna á árinu 2021.

Sigurður Pétursson, framkvæmdastjóri hjá Arctic Fish telur að framleiðslan á Vestfjörðum verði yfir 13.000 tonn af laxi á þessu ári og muni á næsta ári verða nærri tvöfalt meiri en hún var 2017. Ljóst er að hlutur Vestfjarða í útflutningsverðmæti eldisfisks verður áfram mjög hátt, og líklega mest á Vestfjörðum. Byggðastofnun spáir því að eldið muni vaxa áfram á Vestfjörðum.

**Tíu sinnum stærra á Vestfjörðum**

Hlutur fiskeldisins í framleiðslunni á Vestfjörðum var 2017 tæplega 4% og hafði hækkað úr 2,5% á árinu 2012 samkvæmt því sem fram kemur í skýrslu Byggðastofnunar. Í öðrum landshlutum var hlutur fiskeldisins í framleiðslunni aðeins 0,1 -0,3% , nema á Suðurnesjum þar sem hlutfallið var 0,5%. Þýðing fiskeldisins á Vestfjörðum var því meira en tíu sinnum meiri en annars staðar að Suðurnesjunum undanskildum, þar sem munurinn var aðeins sjöfaldur.

Sigurður Pétursson.

Löggilding, skoðun og ísetningar á **ökuritum og hraðatakmörkurum**

Við erum með nýjustu og fullkomnustu tæki sem boðið er upp á frá VDO til að mæla og stilla allar gerðir af digital og analong ökuritum

Mælar á allar gerðir vagna

**Endilega hafið samband og sjáið hvort við getum ekki leyst ykkar mál.**
Ágúst Magni, sími 896 1083, agustm@vikverkstaedi.is, vikverkstaedi.is

**Vík verkstæði**
Funahöfða 17, 110 Reykjavík

lindex.is

Netmánudagur

# 20%

af öllum vörum
mánud. 2. des
á lindex.is

LINDEX

*Gildir aðeins 2.des á lindex.is. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

LEIÐARI

## Laxeldið lyftir Vestfjörðum

Síðustu 20 ára hafa verið Vestfirðingum andsnúin. Það er einkum samdráttur í sjávarútvegi sem hefur valdið alvarlegum búsifjum. Á sama tíma og hagvöxtur var 75% á landinu á árunum 1998 – 2017 varð samdráttur í efnahagskerfi á Vestfjörðum um 6%. Á höfuðborgarsvæðinu varð 89% hagvöxtur á þessum 19 árum, á Austurlandi 90% hagvöxtur, á Suðurnesjum 100% hagvöxtur en á Vestfjörðum varð enginn hagvöxtur heldur samdráttur um 6%.

Ástæðurnar eru kunnar, nánast allur kvóti vestfirskra fyrirtækja fyrir aldamót var fluttur burt til annarra landshluta. Á eftir bolta kemur barn sagði í auglýsingu tryggingarfélags á sínum tíma. Á eftir kvóta fara störf, tekjur og atvinnutækifæri. Það vita Samherjarnir og Þorbirnirnir og Guðmundarnir vinalausu. Hjarta þeirra slær ekki á Vestfjörðum. Fólki hefur fækkað um 35%, verð á eignum hefur fallið. Á Ísafirði féll verðið frá því að vera 2/3 af verði á höfuðborgarsvæðinu í það að verða 1/3. Í megindráttum er staðan óbreytt.

**Minni framleiðni – lakari lífskjör**

Þegar mörg arðbær störf fara breytist samsetning atvinnulífsins. Í nýrri skýrslu Byggðastofnunar kemur fram að framleiðni vinnuafls á Vestfjörðum er 70% af framleiðni vinnuafls á höfuðborgarsvæðinu og ekki nema 85% af framleiðni vinnuaflsins utan höfuðborgarsvæðisins. Lakari framleiðni fylgir óhjákvæmilega lakari lífskjör á Vestfjörðum. Það hefur í för með sér að fleiri og fleiri flytja burt og sækja í betri tækifærin. Byggðastofnun bendir á að brottflutingur hafi verið gríðarlegur út af svæðinu. Samkeppnishæfni Vestfjarða gagnvart öðrum landshlutum er varla til staðar nema gagnvart Norðurlandi vestra.

Vergar þáttatekjur á Vestfjörðum voru aðeins um 35 milljarðar króna 2017. Ef hagkerfið hefði vaxið eins og landsmeðaltalið var hefði orðið aukning um 75% í stað samdráttar um 6%. Það vantar um 30 milljarða króna á hverju ári til Vestfjarða. Þetta endurspeglar þann veruleika að það vantar vel launuð störf fyrir hundruð eða jafnvel þúsund manns. Það vantar tækifæri.

Það hafa Vestfirðingar mátt reyna að yfirlýsingar og heit um bót og betrun frá hendi stjórnvalda hafa reynst innihaldslitlar og snúist meira um smámuni sem litlu sem engu máli skiptir en stóru aðgerðirnar til jöfnunar aðstöðu og uppbyggingar sem kallað hefur verið eftir.

**Fiskeldið skapar viðspyrnu**

En skýrsla Byggðastofnunar sýnir svo ekki verður um villst að ný atvinnugrein hefur skotið rótum á Vestfjörðum vegna hagstærða náttúrulegra skilyrða og er að breyta þróuninni. Það er fiskeldið. Afturförin hefur verið stöðvuð og hæg framþróun er að eiga sér stað. Rúmlega þriðjungur alls fiskeldis á landinu árið 2017 var á Vestfjörðum. Hvergi annars staðar á landinu er fiskeldið nálægt því magni sem það er á Vestfjörðum. Þýðing fiskeldisins á Vestfjörðum er líka tíu sinnum meiri og rúmlega það en í öðrum landshlutum, nema Suðurnesjum þar sem hlutfallið er sjöfalt.

Framleiðslan í sjókvíaeldinu á Vestfjörðum var 10.000 tonn árið 2017, hún er áætluð 2019 um þriðjungi meiri, um 13.000 tonn, og verður að óbreyttu um 18 þúsund tonn eftir 2 ár. Þegar hafa fiskeldisfyrirtækin fjárfest fyrir um 25 milljarða króna á Vestfjörðum. Framundan er enn meiri fjárfesting, einkum í seiðaeldisstöðvum og vinnslu. Um 300 manns vinna við atvinnugreinina á Vestfjörðum og ætla má miðað við vaxandi framleiðslu sem fyrirsjáanleg er að fjöldinn nálgist það að tvöfaldast á næstu árum.

Þegar hafa eldisfyrirtækin framleiðsluleyfi fyrir um 32 þúsund tonn í vestfirskum fjörðum, áhættumat leyfir 50.000 tonna framleiðslu og burðarþolsmat liggur fyrir upp á 82.500 tonn og er ekki enn öll vænleg svæði metin eins og Jökulfirðirnir.

**Ný verðmæti – ný framleiðsla – ný störf og ný tækifæri**

Vaxtarmöguleikarnir næstu árin eru því gríðarlegir. Framleiðslan gæti hæglega fimmfaldast frá því sem nú er á innan við tíu árum. Er þá ekki allir vaxtarmöguleikar taldir með. Tekjurnar sem koma inn í íslenskt efnahagskerfi með vaxandi útflutningi á eldisafurðum frá Vestfjörðum koma til með að mælast í tugum milljarða króna á hverju ári og lyfta lífskjörum allrar þjóðarinnar. Innlendur virðisaukinn verður um helmingur útflutningsverðmætanna meðan fóðrið er að mestu leyti framleitt erlendis. Virðisaukinn hækkar verulega þegar fóðurframleiðslan verður flutt heim. Það er aðeins tímaspursmál hvernær það gerist. Stór hluti innlenda virðisaukans mun fara inn á vestfirskt efnahagssvæði. Stærð þess mun taka stakkaskiptum.

Þetta er raunhæf framtíðarsýn. Norðmenn, Færeyingar og Skotar hafa ákveðið á grundvelli þess að þeir telja að laxeldið í sjó eigi sér bjarta framtíð á markaðsforsendum að stórauka laxeldið á næstu árum og sækja þannig nýjar tekjur til að bæta lífskjör almennings.

Á Íslandi vantar töluvert upp á að stjórnvöld hafi slitið sig frá úrtöluröddum og sérhagsmunahópum. Ný löggjöf um fiskeldi setur uppbyggingu fiskeldisins í spennitreyju og torveldar uppbygginguna á Vestfjörðum. Vestfirðingar gjalda þess að of margir stjórnmálaflokkar leggja um of við hlustir þegar háværir en fámennir hópar, einkum á höfuðborgarsvæðinu vinna gegn fiskeldinu með bæði röngum og villandi málflutningi. Það segir sína sögu að það eru útlendingar sem eru að fjárfesta í atvinnuuppbyggingu á Vestfjörðum og hafa trú á framtíð svæðisins.

Það er verkefnið framundan að vinna aukinn stuðning við atvinnugreinina. Það hefur síðustu ár gengið í rétta átt og almennt viðhorf er jákvæðara en áður. Vestfirðingar eiga mikið undir því að atvinnugreinin fái að vaxa og dafna eins og forsendur standa til.

*Kristinn H. Gunnarsson*

# Lífsgæðasamning fyrir öryrkja

Á Vestfjörðum eiga heima samtals rúmlega 360 einstaklingar með 75% örorkumat og endurhæfingarmat. Þetta eru karlar og konur á ýmsum aldri sem búa við skerta starfsorku vegna andlegra eða líkamlegra sjúkdóma, áfalla eða slysa. Aðstæður þessa fólks eru æði misjafnar, bæði persónulega og félagslega. Eitt á þetta fólk þó sennilega sameiginlegt sem hópur. Enginn hefur valið sér þetta hlutskipti og allir vildu vera í annarri stöðu.

**Ójöfnuður**

Öryrkjar hafa misserum saman leitað eftir sanngjörnum leiðréttingum á kjörum sínum, að dregið sé úr hróplegum ójöfnuði þannig að hver og einn geti búið við sæmandi atlæti, félagslega og fjárhagslega. Þeir krefjast lífskjarasáttmála eins og annað fólk í samfélaginu. Þeir vilja vera þátttakendur, veitendur og neytendur á öllum stigum og á eigin forsendum.

Á vettvangi stjórnmálanna eru kjör og viðmót gagnvart öryrkjum vissulega talsvert til umfjöllunar um þessar mundir en í verki þokast lítið. Fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar fyrir næsta ár er enn eitt reiðarslagið, gefur öryrkjum enga nýja von. Þrátt fyrir endurteknar og hástemmdar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar, hlý orð og fögur loforð, þá verður öryrkjum boðið upp á það sama árið 2020, áfram kalda sturtu.

Starfshópur félagsmálaráðherra, skipaður ágætu fólki skilaði af sér skýrslu í vor með tillögum en engri niðurstöðu. Traust á milli aðila skorti, tortryggni talsmanna öryrkja réði því að ekki var hægt að ljúka stórum áfanga.

**Starfsgetumat**

Skýringar ráðherra á töfum á umbótum gagnvart öryrkjum voru lengi framan af þær, að unnið væri að kerfisbreytingum með svokallað starfsgetumat að leiðarljósi. Samkvæmt skilgreiningu úr fyrrnefndri skýrslu ráðherra er starfsgetumat mat á getu einstaklings til starfa að gefnum tilteknum kröfum og við tilteknar aðstæður. Öryrkjum finnst skorta á trúverðugleika þessarar hugmyndafræði, hvort sem það snýr að stjórnvöldum eða vinnumarkaði. Þeir óttast að raunverulegir hagsmunir þeirra verði fyrir borð bornir. Vísað er til misjafnrar reynslu annarra þjóða og m.a. til þekktrar breskrar heimildamyndar sem sýnd var hér á landi. Hugtakið starfsgetumat eitt og sér hefur öðlast neikvætt inntak í hugum flestra.

**Lífsgæðamat**

Stjórnvöld þurfa að bregðast við á enn ferskari og sveigjanlegri hátt en hingað til í samskiptum við öryrkja og hafa hugfast að orðfæri og inntak skiptir máli. Hugtakið lífsgæði ætti að vera leiðarstef.

Fyrir hóp öryrkja getur mat á getu til starfa í atvinnulífinu verið hluti af bættum lífsgæðum en það gildir ekki um alla. Við eigum því miklu frekar að ræða um lífsgæðamat fremur en bara starfsgetumat þegar þessi málefni öryrkja eru annars vegar.

Stjórnvöld þurfa að flýta för, skapa traust og ráðast í gerð raunverulegs lífsgæðasamnings við öryrkja. Fyrir því munum við jafnaðarmenn áfram berjast sem hingað til.

*Guðjón S. Brjánsson, alþingismaður*

# *Vestfirska vísnahornið*

Á mánudaginn var tekist á á Alþingi um Samherjamálið og stjórnarandstæðingar sóttu að Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra, sem endaði með því að ráðherrann rauk á dyr.
Varla voru fréttirnar búnar þegar Indriði á Skjaldfönn var búinn að yrkja:

*Ættarveldis auðnu hallar,*
*allt með verra brag.*
*Fylgið hrynur, feigðin kallar.*
*Fátt er Bjarna í hag.*

Jón Atli var kominn með aðra um sama efni skömmu seinna:

*Kristján Þór við Kiðagilið*
*í krapi nuddar hrút.*
*Brostið fylgið, búið spilið*
*og Bjarni labbar út.*

Þarna hefur Indriða verið ofarlega í huga nýleg könnum um fylgi stjórnmálaflokkanna sem sýndi Sjálfstæðisflokkinn með minnsta fylgi sem mælst hefur.
En sama könnum sýndi Miðflokkinn á blússandi siglingu skammt fyrir neðan Sjálfstæðisflokkinn. Um það orti Indriði aðra vísu og kallaði vá fyrir dyrum:

*Framm á völlinn Simmi sækir,*
*sauða fylgið endurheimt.*
*Valdabrölt og viðbjóðsklækir*
*og Wintrismálið löngu gleymt.*

Og bætti svo við:

*Simmi minn er ennþá að.*
*Ætlar kerfi að höggva í spað.*
*Gæskupáfi hjartahreinn.*
*Honum skákar ekki neinn.*
*Klausturseta er grafin, gleymd.*
*Glæst er jafnan Þingsins eymd.*
*Enginn jafnast á við þann*
*apalandsins töframann.*

Þá er það síðasta Silfur í Sjónvarpinu á sunnudaginn þar sem mikið gekk á og Jón Gunnarsson, alþm og fyrrverandi Samgönguráðherra lá undir áföllum frá sessunautum sínum sem sökuðu hann um spillingu.
Indriði setti fram sína skilgreiningu á spillingunni:

*Ef að styður maður mann,*
*mútugreiðsla telst með sann,*
*ábata til, aðferð slyng,*
*-ef sá studdi kemst á þing.*

Indriði á Skjaldfönn les fleira en um þjóðmálin og hann sá frétt á dv.is sem þann dag var langmest lesin. Fréttin sagði frá því að Manúel Ósk fegurðardís, áhrifavaldur og athafnakona væri gengin út. Birt var svo mynd af henni með stút á vör.
Hagyrðingur einn orti snjalla vísu um fréttina.
Indriði bætti við:

*Glæsilega orkt er*
*enginn í þín spor fer.*
*Manúella brosir ber*
*og biður þig að -gera sér smá greiða.*

Samherjamálið fer hátt um þessar mundir og er hagyrðingum sífelld uppspretta í vísnagerð.
Reir frá Drangsnesi lýsir vinfengi Sjávarútvegsráðherrans og Samherjastjórnenda:
*Vefur örmum vininn sinn*
*vinahót ei þverra.*
*Samherjanna kyssir kinn*
*Kristjan Þór ráðherra.*
*Samherjarnir fengu þessa limru:*
*forstjórinn Guðherji Grútur*
*gerði út erlendis skútur*
*þar varð›ann að múta*
*ef veið'átti skúta*
*samt fór ekki sjálfur í mútur.*

Jón Atli Játvarðsson, Reykhólum sá líka tækifæri til yrkinga um ráðherrann.

*Fúll ég sötra flatan bjór*
*flokka rusl og tapið.*
*Loks er kiknar Kristján Þór*
*ég kemst í jólaskapið.*

Og Samherjamenn fengu sendingu frá Jóni Atla:

Samherja og Sjólagrín
sóðalegur fjandi.
Töpuð gula Guggan mín
og gullið flutt úr landi.

*Undanhald og auðinn ver*
*með afbragðs kvótalykli.*
*Til Kýpur fer að forða sér*
*fiskidólgurinn mikli.*

Ljúkum vísnaþættinum að þessu sinni með þessari góðu náttúrulífslýsingu Reirs frá Drangsnesi.

*Létt er regnið laugar kinn*
*lifnar fyrir augum.*
*Roðagullinn regnboginn*
*rjóður yst á baugum.*

Ekki fleira að sinni.
Með góðum kveðjum
Kristinn H. Gunnarsson

# LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL *um jólin*

FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM, SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM

LUR.IS

Dönsk gæði

Lama®

Danskt handverk síðan 1939

Öll sæti og bak stillanlegt

RICCARDO rafstillanlegur tungusófi

Brunstad hvíldarstóll

Öll sæti stillanleg

ISABELLA hægindasófi. Sjá nánar á lur.is



Stillanleg rúm

Svefnsófar í miklu úrvali.

Margar stærðir

SITTING VISION hvíldarstólar

Öll sæti stillanleg

ERMES hægindasófi. Sjá nánar á lur.is

Stillanlegur höfuðpúði

GRACE hægindastóll

GENIUS LOCI tungusófi

JACOB stóll frá Calia Italia

RÚM • SÓFAR • HVÍLDARSTÓLAR • HEILSUKODDAR • LJÓS • HÚSGÖGN • GJAFAVÖRUR • BORÐ • SÆNGUR

## VERIÐ VELKOMIN Í HEIMSÓKN

SUÐURLANDSBRAUT 24, 108 REYKJAVÍK

Opið alla virka daga 10-18. Lau. 11-16

554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LÚR BETRI HVÍLD

# SAMHERJI OG BYGGÐAKVÓTINN

Hér kemur grein sem skrifuð var í júní 2001 og birtust í Morgunblaðinu, þar sem lýst er ávinningi Samherja af ákvörðunum stjórnmálamanna sem segja má að hafi komið fótunum undir fyrirtæki sem stofnað var til af vanefnum. Það er fyllilega tímabært að rannsaka samband stjórnmála og Samherja hér innanlands ekki síður en erlendis. Athuga ber að fjárhæðirnar eru á verðlagi 2001 og þarf að margfalda með 2,2 til að færa til verðlags í dag.

Í viðtali við Mbl. 24. maí sl.segir Þorsteinn Vilhelmsson, sem áður var einn af eigendur Samherja hf á Akureyri: „Hugmyndir Kristins H. Gunnarssonar, þingmanns og stjórnarformanns Byggðastofnunar, um byggðakvóta og svæðisbundinn kvóta eru með ólíkindum.“ og bætir svo við: „Ég bið Guð að hjálpa mér ef stjórnmálamenn ætla að fara að úthluta kvóta. Það yrði tómur hringlandaháttur og vitleysa. Stjórnmálamenn geta aldrei úthlutað kvóta nema með skít og skömm.“ Þetta eru miklar yfirlýsingar. Spurningin er þessi: hafa stjórnmálamenn ekki áður komið að úthlutun kvóta og hver er reynsla Þorsteins Vilhelmssonar af afskiptum þeirra?

**Akureyrin EA 10 – tvö þúsund milljónir kr.**

Þeir Samherjafrændur keyptu togarann Akureyrina árið 1983 og þegar ákveðið var að setja á kvótakerfið kom í ljós að veiðireynsla toganars var lítil og kvótinn sem skipið átti að fá árið 1984 var ekki nema 673 tonn, þar af 98 tonn af þorski og 333 tonn af karfa. Það þótti ekki sanngjarnt og í febrúar 1984 var kvótinn aukinn í 1769 tonn og mánuði seinna kom til svonefndur skipstjórakvóti og nú var kvótinn kominn í 4.445 tonn, þar af 1.512 tonn af þorski og 1.146 tonn af karfa. Grálúðukvótinn jókst úr 40 tonnum í 1.180 tonn. Verðmæti kvótans sem þannig var færður á skipið,og er sannkallaður gjafakvóti, nemur liðlega 2000 milljónum króna á verðlagi í dag. Þetta er býsna góður byggðakvóti sem að sjálfsögðu var af öðrum tekinn.

**Oddeyrin EA 210 – ellefu hundruð milljónir kr.**

Árið 1986 keypti Samherji raðsmíðaskipið Oddeyrina. Af raðsmíðaskipunum fjórum er mikil saga sem rakin er í sérstakri skýrlu fjármálaráðherra sem lögð var fyrir Alþingi á löggjafarþinginu 1997 – 98. Auk þess hefur Ríkisendurskoðun gert grein fyrir ýmsum þáttum málsins í nokkrum skýrslum sínum. Skipið fékk úthlutað kvóta 200 þíg. þótt engin veiðireynsla væri fyrir hendi, auk þess leyfi til rækjuveiða og 500 tonna kvóta þegar rækjan var sett í kvóta ári seinna. Þessi kvóti er að verðmæti um 340 mkr. En opinber stuðningur við kaup á Oddeyrinni var meiri. Söluverðið var miklu lægra en smíðaverðið eða sem nemur um 120 mkr. á verðlagi í dag. Þar að auki neituðu kaupendurnir að undirrita skuldabréfin fyrir þeim hluta kaupverðsins sem var lánað þegar til kom, en það var reyndar nánast allt kaupverðið, og báru því við að þeir væru óánægðir með þann aflakvóta sem skipinu var úthlutað. Komu þeir sér hjá því að undirrita skuldabréfin og þurfti ríkið að höfða mál á hendur kaupendunum og biðja um uppboð. Var ekki gengið frá skuldabréfum fyrr en 10 árum seinna. Í því uppgjöri var bókfærð skuld verulega lægri en verið hefði ef skuldin væri framreiknuð með lánskjaravísitölu og reiknaðir 6% raunvextir og allir dráttarvextir voru felldir niður. Samtals nam þessi eftirgjöf skuldarinnar um 640 mkr. á verðlagi í dag. Eftirgjöf ríkisins er alls um 760 mkr. þegar tekinn er með afslátturinn á smíðaverðinu og um 1.100 mkr. þegar kvótinn er reiknaður með. Í Mbl. viðtalinu segir Þorsteinn að það sé ekki hægt að reka sjávarútveginn sem einhvers konar félagsmálastofnun. Einhver orðhvatur gæti sagt að þarna væri um félagsmálaaðstoð að ræða til handa Samherja hf.

**Þorsteinn EA 610 – tvö hundruð milljónir kr.**

Togarinn Þorsteinn varð fyrir miklu tjóni 1988 og lá frá þeim tíma við bryggju á Akureyri og var ekki gert út framar. Þegar kvótinn kemur árið

1991 fær Þorsteinn EA kvóta, sem er merkilegt í ljósi þess að skipið hafði ekki veitt svo lengi. A.m.k. missa skip sinn kvóta ef ekki er veitt tvö ár í röð. Kvótin skipsins nam 1.163 þíg fyrsta heila kvótaárið svo það eru miklir peningar í því að halda kvótanum. En þessu til viðbótar fékk Þorsteinn EA sóknarmarksuppbætur. Þessar uppbætur hækkuðu síðan aflahlutdeild skipsins. Þetta þýddi t.d. að aflamark í þorski varð 981 tonn í stað 858 tonna fyrsta fiskveiðaárið, sem reyndar var einungis 8 mánuðir. Verðmæti uppbótakvótans er líklega um 200 mkr. Það er góður afrakstur af sóknarmarki um árabil við bryggju á Akureyri. Það mætti kalla bryggjumark. Samandregið þá nemur verðmæti byggðakvótans til Samherja hf um 2.540 mkr. og eftirgjöf ríkisins vegna raðsmíðaskipsins, „félagmálaaðstoðin“ um 760 mkr. eða alls um 3.300 mkr.

Þetta er afrakstur af byggðasjónarmiðum og afskiptum stjórnmálamanna og mér finnst eiginlega óþarfi af Þorsteini að biðja Guð að hjálpa sér ef stjórnmálamenn eigi að fara að úthluta kvóta. Frekar ætti Guð að hjálpa þeim sem frá var tekið til að færa Samherja hf.

*Kristinn H. Gunnarsson*

**Dagbjört Elín Ármannsdóttir**, nemi í rafvirkjun, og **Helgi Már Valdimarsson** rafiðnfræðingur að störfum.

# ***RAFMENNT*** *er máttur*

***RAFMENNT*** – fræðslusetur rafiðnaðarins annast verkefni er varða menntamál rafiðnaðarmanna, allt frá upphafi náms til loka meistaraskóla, og endurmenntun þeirra sömuleiðis.

***RAFMENNT*** varð til árið 2018 við sameiningu Rafiðnaðarskólans og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins í því skyni að auka þjónustu við félagsmenn og gera framboð menntunar og fræðslu enn fjölbreyttara og markvissara.

***Rafiðnaðarsamband Íslands*** og ***Samtök rafverktaka*** eiga og reka ***RAFMENNT*** í sameiningu.

RAFMENNT
*fræðslusetur rafiðnaðarins*

Stórhöfða 27 • 110 Reykjavík • rafmennt.is • sími 540 0160

# Jarðgangamöguleikar á Vestfjörðum

Á síðasta þingi Fjórðungssambands Vestfirðina, sem haldið var í síðasta mánuði á Hólmavík var ályktað sérstaklega um jarðgöng. Leggur þingið til að unnin verði uppfærð jarðgangaáætlun fyrir Vestfirði þar sem metnir verði helstu jarðgangakostir og þeim forgangsraðað með tilliti til atvinnusóknarsvæða, verðmætasköpunar, sameiningu sveitarfélaga, þjónustu, umferðaröryggis og samfélagslegra þátta.

Segir í ályktuninni að horft verði sérstaklega til bættra samganga með jarðgöngum svo sem undir Hálfdán, Mikladal, Kleifaheiði, Klettsháls og milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar.

Blaðið Vestfirðir leitaði til Gísla Eiríkssonar, forstöðumanns jarðgangadeildar Vegagerðarinnar eftir upplýsingum um þá kosti sem nefndir eru og hugleiðingum hans um þá.

**KLettsháls**
Texti undir myndinni:
Hæð Kollafirði 80 m.y.s
Hæð Skálmardal 50 m.y.s.
Lengd ganga 3,8 km
Stytting um 4 km

Nýr vegur var opnaður um Klettshás 2002 og gjörbreytti hann samgöngum. Það er veðrasamt á Klettshási, mikill strengur af norðaustri og Klettsháls lokar stundum leiðinni Patreksfjörður - Reykjavík og veldur oft truflunum og óþægindum. Göng undir Klettsháls eru því höfð hér með óbreytt frá áætluninni árið 2000.

**Göng um Mikladal**
Göng um Mikladal hafa oft verið skoðuð á korti og horft á líklega munnastaði út um bílglugga en aldrei í neinni alvöru, bæti þessum orðum um Mikladal hér við. Hæð á fjallveginum yfir Mikladal er 369 m y.s. Hægt er að hugsa sé gangamunna Patreksfjarðarmegin í nærri 270m hæð y.s. fyrir ofan efra „vatnið“. Munni Tálknafjarðarmegin gæti verið í Höfðadal í 180 m y.s. Lengd á milli þessara punkta er 2.8 km. Vegurinn lækkar aðeins um 100 m, vegalengd styttist næstum ekki neitt, þannig að árangur verður takmarkaður.

**Hálfdán**
Hæð munna Tálknafjarðarmegin 180 m.y.s
Hæð munna Bíldudalsmegin 210 m.y.s.
Lengd 5,8 km
Stytting um 2,5 km

Hálfdán var til umræðu árið 1987, í áætluninni sem þá var lögð fram. Þá var talið að leysa mætti málið með vegi yfir fjallið. Hæð fjallvegarins er 500 m.y. s. og umferðin fer nánast upp frá sjávarmáli, upp á heiði og niður að sjávarmáli aftur eftir löngum bröttum brekkum. Vegurinn hefur reynst allvel hvað snjóalög varðar, en veðrasamt er á Hálfdáni en ekki svo snjóþungt. Eins og við marga aðra háa fjallvegi, þá eru gæði samgangnanna ekki næg til að hægt sé almennilega að stunda skóla og vinnu með því að aka yfir fjallveginn. Að Fjarðarheiði frágenginni verður varla fundinn jafn erfiður fjallvegur á milli nálægra þorpa, meira að segja innan sama sveitarfélags.

Göngin sem voru til umræðu 1987 voru skilgreind 5,6 km göng undir Hálfdán í um 200 m hæð úr Höfðadal að vestan og undir Katrínarhorn að norðan, beggja megin fast við núverandi veg. Gætu reynst nær 6 km. Vandinn við þessa staðsetningu eru brattar brekkur neðan nefndra munnastaða sem ekki er auðvelt að laga. Fleiri gangaleiðir eru mögulegar í minni hæð yfir sjó, en þá mun lengri. Hér er sýnd nánast sama lausn.

**Dynjandisheiði**
Dynjandisheiði er langur fjallvegur í um 500 m y.s. tvisvar sinnum. Sú gangaleið sem var sýnd í jarðgangáætlun 2000 liggur beinast við er frá Vatnsfirði í Dynjandisvog, 12 km, mynd að ofan til vinstri. Þessi leið hefur þann galla að tenging milli byggðanna, sérstaklega Bíldudals og Þingeyrar verður mjög löng. Þetta eru einnig mjög löng göng. Hægt er að setja fram ýmsar hugmyndir að göngum þannig að byggðirnar tengist betur, það þýðir alltaf lengri göng samtals. Fallið er frá þessum löngu göngum.

Unnið er að hönnun vegar yfir Dynjandisheiði á svipuðum slóðum og núverandi vegur, og talið að hann verði nothæfur allt árið. Í tengslum við þá vinnu hefur verið sett fram tillaga að stuttum göngum undir háfjallið sem er 500 m hátt milli Trostansfjarðar og Geirþjófsfjarðar með munna í 430 m y.s. og 360 m y.s., 2,6 km göng kölluð Kollagötugöng. Þessi göng myndu auðvelda ferðir yfir heiðina og einnig auðvelda þjónustu og auka öryggi. Það er vont að hafa tvo heiðartoppa með vandamálum þó að sæmilegt sé á milli, það er jafnvel hægt að lokast þar inni.

Benda má á að síðar væri hægt að gera göng undir hina eiginlegu Dynjandisheiði á milli Geirþjófsfjarðar og Dynjandisvogs með munna í 230 m y.s. í drögum Geirþjófsfjarðar og 10 m y.s. í Dynjandisvogi, 5,2 km löng með 4% langhalla. þessi göng myndu stytta leiðina nálægt 10 km.

**Breiðadalsleggur breikkun**

Hæð munna í Breiðadal 160 m.y.s.
Lengd á Breiðadalslegg 4,1 km

Jarðgöng undir Breiðadalsheiði skiptast í þrjá leggi um gangamót undir heiðinni. Tungudalslegg, 2,1 km tvíbreiðan, Breiðadaslegg 4,1 km, sem liggur frá gangamótum til Breiðadals í Önundarfirði. Botnsdalsleggur, einbreiður, 2,9 km frá gangamótum til Botnsdals í Súgandafirði.

Umferð um Breiðadalslegg árið 2018, voru 510 bílar ADU og 770 SDU. Umferð hefur aukist mikið síðustu þrjú ár eða svo. Þegar leiðin um Dýrafjarðargöng og yfir Dynjandisheiði verður fullgerð, mun það auka umferð í Breiðadalslegg eitthvað. Umferð í Botnsdalslegg er miklu minni og ekki til umræðu.






Breikkun kostar 60% af nýjum göngum

Það eru ekki erfiðleikar nú, en ýmsir spá erfiðleikum sem geta orðið ef umferð eykst mikið. Umferð er mun meiri um há sumarið (sjá mynd). Þegar þessi göng voru grafin var talið að þau gætu ráðið við umferð 1000 bíla á dag, ADU. Ef það er mikill munur sumarumferðar og ársumferðar, þarf mögulega að taka tillit til þess, einnig ef umferð stórra bíla er mikil.

Það er ekki hægt annað en bera Breiðadalslegg saman við Múlagöng, sem eru sams konar göng og 3,4 km löng. Þess má geta að fyrir árið 2010 þegar Héðinsfjarðargöng voru opnuð var umferðin mjög svipuð, en er nú mun meiri í Múlagöngum. Þar er búið að koma upp umferðarstjórnunarbúnaði til að nota við sérstakar aðstæður. Mun verra er að koma slíku við í Breiðadalslegg, þar sem göngin frá Tungudal til Breiðadals eru 6,2 km, og það er ekki forsvaranlegt að stofna til biðrða inni í göngunum.

Árið 2011 var gerð skýrslan „Múlagöng: Breikkun og endurnýjun búnaðar. Forathugun, Greinargerð unnin fyrri Vegagerðina af Geotek. Þessi skýrsla passar alveg við Breiðadalslegg í öllum aðalatriðum. Helstu erfiðleikarnir eru hvernig á að fara með umferðina. Niðurstaðan var sirka að breikkun kosti um 60% af nýjum göngum.

Ekki er talið að komið sé að breikkun á Breiðadalslegg en óvissa er um hvaða áhrif aukin umferð og mögulega breitt samsetning hennar hefur. Það þarf því að fylgjast vel með ástandi í göngunum.

**Ísafjörður – Súðavík**
Vegur milli Ísafjarðar og Súðavíkur var opnaður 1949, eftir af fyrstu veggöng á Íslandi höfðu verið gerð, gegnum Arnardalshamar. Á þessari leið eru snjóflóð algeng að vetri til og það er vandamálið. Snjóflóðin eru á 25 km kafla á Súðavíkurhlíð. Auk þess koma snjóflóð í Skutulsfirði á Kirkjubólshlíð en miklu færri og við aðrar aðstæður og umdeilanleg hversu mikið vandamál þau eru.

Snjóflóðum sem fara út á veg hefur fækkað mjög á þessari öld. Á árunum 1991-2000 komu að meðaltali 56 flóð á ári út á veg (lokuðu a.m.k. annarri akrein). Tekið skal fram að það voru snjóþung ár, en frá 2007 til 2018 voru 18 flóð að meðaltali ári sem komu út á veg, eða um þriðjungur. Veturinn 2018 til 2019 lokaðist hlíðin til dæmis aðeins einu sinni vegna snjóflóðs. Tiltölulega lítið grjóthrun

**4.3.3. Jarðgangaáætlun**

Undanfarin ár hefur verið unnið við Dýrafjarðargöng en áætlað er að framkvæmdum við þau muni ljúka á árinu 2020. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist við Fjarðarheiðargöng á árinu 2022 og í framhaldi af þeim verði síðan ráðist í gerð jarðganga á milli Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar (Seyðisfjarðargöng) og Mjóafjarðar og Fannardals (Mjóafjarðargöng). Einnig mun verða leitað leiða til þess að fjármagna tvöföldun Hvalfjarðarganga og jarðgöng í Reynisfjalli með samstarfi við einkaaðila. Önnur jarðgangaverkefni utan höfuðborgarsvæðisins sem mælt er með að skoðuð verði nánar sem fyrst eru þessi:

1. Ísafjörður-Súðavík (2,6-6,8 km). Hugsanlega leyst með vegskálum.
2. Fljót-Hólsdalur í Siglufirði (Siglufjarðarskarð) 5,2 km.
3. Múlagöng, breikkun vegna mikillar umferðar.
4. Hvalnesskriður, Lónsheiði (3-6 km). Hugsanlega leyst með vegskálum.

Gert er ráð fyrir að bein framlög af samgönguáætlun og jarðgangaáætlun standi undir helmingi framkvæmdakostnaðar jarðganga. Stefnt er að gjaldtöku af umferð í jarðgöngum á Íslandi. Sú innheimta mun fjármagna rekstur og viðhald ganganna, sem og að standa undir því sem uppá vantar í framkvæmdakostnað.

er á Súðavíkurhlíð, þannig að það er ekki mikið vandamál. Ástæður þess að snjóflóðum út á veg hefur fækkað svo mikið eru tvennskonar, breytt veðurfar og lagfæringar á veginum, sérstaklega breikkun rása.

Það eru ýmsar leiðir til lagfæringa. Árið 2002 kom út „Greinargerð vinnuhóps um öryggismál Djúpvegar milli Súðavíkur og Bolungarvíkur“. Þar er gerð grein fyrir ýmsum leiðum til úrbóta, byggingu vegskála og greftri stuttra og langra jarðganga. Meðal annars er leið 5, vegskálaleið, sem inniheldur ca. 9 vegskála, breikkun rása og uppsetningu stálþils þar sem koma minni snjóflóð. Þetta er miklu ódýrara en jafnvel stutt jarðgöng svo ekki sé talað um löng, en öryggið verður aldrei alveg sambærilegt. Á hinn bóginn er ekki skemmtilegt að aka löng göng.

Skoðað hefur verið hvar gæti verið heppilegt að hafa munna á löngum göngum, sértaklega Skutulsfjarðarmegin. Erfitt getur verið að koma munnum fyrir í rótum á brattri skriðu runninni fjallshlíð. Boranir sýndu að urðarkápan er mun þynnri gengt vegþverun yfir Skutulsfjörð heldur en undir Naustahvilft sem áður var helst miðað við. Þetta þýðir að vísu enn lengri göng, tæpa 7 km.

Á margan hátt liggur beint við að grafa stutt göng, ca. 3 km á hlíðinni fram hjá snjóflóðasvæðinu.

Vinna þarf að því að bera saman mismunandi möguleika til að lágmarka hættu af snjóflóðum. Vegskálar, stutt göng, löng göng.

**Hálfdán forgangsmál**

Gísli Eiríksson var spurður um aðra kosti en þarna koma fram á sunnanverðum Vestfjörðum og sagði hann að ekki hefði verið skoðað nein tenging yfir á Barðaströnd frá Arnarfirði eða Tálknafirði. Gísli nefndi að Kleifaheiðin væri mun léttari heiði en Hálfdán og því hefði kannski ekki verið skoðað að gera jarðgöng í gegnum hana. Þar sá hann tvo möguleika, annar væri gong úr Skápadal yfir í Holtadal og hinn væri einfaldlega að fara með göng í gegn þar sem vegurinn væri Patreksfjarðarmegin. Kostirnir hélt hann að væru svipaðir ca 5,5 km göng. Þá væri athugandi að skoða göng úr Tálknafjarðarbotni í Dufansdal, sem gætu verið 7 km að lengd. Loks tæpti Gísli á möguleika á göngum úr Trostansfirði yfir í Pennudal.

Gísli Eiríksson sagði að Hálfdán væri mjög veðrasamur og hár og auk þess með 9% brekkum því væri að hans mati göng þar forgangsmál. Kosturinn við göng í ggenum Hálfdán væri sá að samgöngur innan svæðis myndu batna og það væri eðlilegt að bæta þær fyrst og huga svo að bættri leið út af svæðinu.

Mestu máli skiptir, segir Gísli að heimamenn verði sammála um kostina og forgangsröðunina.

**Súðavík: jarðgöng eða vegskálar**

Varðandi Súðavíkurhlíðina sagði Gísli Eiríksson að aðstæður þar væru ólíkar Óshlíðinni. Þar hefði grjóthun verið erfiðast en það væri hverfandi á Súðavíkurhlíðinni. Vandinn þar væru snjóflóð og úr þeim drægi með hlýnandi veðurfari. Eins væri fyrirsjáanlegt að aðgerðirnar sem væri unnið að á Súðavíkurhlíðinni myndu skila árangri. Því væri að hans mati ekki einboðið að gerð yrði göng milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar. Benti Gísli á að í samgönguáætlun sem komin er í kynningu segir um jarðgangaverkefnið Ísafjörður – Súðavík að það verði hugsanlega leyst með vegskálum.


## Sameyki stéttarfélag í almannaþjónustu óskar eftir íbúðum og/eða sumarhúsum til leigu

Sameyki Stéttarfélag í almannaþjónustu, óskar eftir sumarhúsum og/eða íbúðum á leigu fyrir félagsmenn sína sumarið 2020. Einungis húsnæði í góðu ásigkomulagi og í frágengnu umhverfi kemur til greina.

Upplýsingar um staðsetningu, stærð, aldur eignar, verð, ástand, fjölda gistirýma og aðra aðstöðu s.s. heita potta skulu koma fram, ásamt myndum.

Áhugasamir sendi upplýsingar til Ásu á netfangið asaclausen@sameyki.is fyrir 15. desember n.k.

Öllum tilboðum verður svarað.

SAMEYKI
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

VILTU AUGLÝSA Í VESTFJÖRÐUM?

AUGLÝSINGADEILDIN ER OPIN ALLA VIRKA DAGA FRÁ KL. 9:00 – 17:00.

AUGLÝSINGASÍMINN ER 578-1190

NETFANG: AUGLYSINGAR@FOTSPOR.IS

## Vestfirskir listamenn

# GÍSLI HALLDÓRSSON

### F. 2. febrúar 1927 á Tálknafirði. D. 27. júlí 1998.

Öndvegisverk:

Sá hífaði í Lík til sölu, 1965,

Jón Prímus í Kristnihald undir jökli, 1970,

Þorgeir í Börn náttúrunnar, 1991.

Einn vinsælasti leikari síðustu aldar var án efa Tálknfirðingurinn Gísli Halldórsson. Jafnvígur á drama-sem gamanleik, ekta tragíkómíker. Tímasetningar allar svo réttar en samt var einsog hann hefði aldrei neitt fyrir þessu. Vel má líkja list hans við besta tragíkómíker allra tíma Charlie Chaplin. Gísli flutti frá Tálknafirði þegar hann var aðeins þriggja ára en þá fór fjölskyldan að Skeggjastöðum í Mosfellssveit. Harmleikur tók þar við því faðir hans drukknaði það sama ár og eftir það var flutt til Reykjavíkur hvar Gísli dvaldi síðan. Lífsförunautur hans var Theadóra Sverrisdóttir Thoroddsen og afleggjarar þeirra urðu þrír. Ein dóttir og tveir synir. Gísli stundaði fjölbreytta vinnu í borginni var blaðamaður um tíma, auglýsingastjóri á Þjóðviljanum og leigubifreiðastjóri. Loks innritaðist hann í Leiklistarskóla Lárusar Pálssonar og þá hófst leikandi starfsferill sem stóð í nærri hálfa öld.

**Alvara síðan gaman**

Segja má að Gísli Halldórsson hefji feril sinn á mestu umbreytingartímum hins íslenska leikhús. Árið 1950 er Þjóðleikhúsið stofnað og margir töldu þá daga leikhússins við Tjörnina talda. En Leikfélag Reykjavíkur hélt stöðu sinni og gott betur en það og einn af burðarásum félagsins á þessum breytingartímum var einmitt okkar maður Gísli Halldórsson. Hann lék sitt fyrsta hlutverk árið 1951 þegar hann var enn í leiknámi. Það var í verkinu Anna Pétursdóttir eftir Hans Wiers-Jensen. Segja má að þetta hafi verið mikil eldraun því einn af mótleikurum hans var stærsta stjarna Leikfélagsins í langan tíma nefnilega Brynjólfur Jóhannesson en hann hóf einmitt sinn leikferil á Ísafirði. Leikdómarinn Ásgeir Hjartarson ritaði um sýninguna og sagði m.a. „Gísla Halldórssyni, hinum efnilega byrjanda, tekst þó raunar furðuvel að standa upp í hárinu á Brynjólfi.“ Svo sannarlega orð að sönnu og sama ár sló Gísli í gegn sem Tsæ-Long í leiknum Pi-Pa-Ki eða Söng lútunnar. Næstu nærri fimm áratugi lék hann í um 70 verkum félagsins. Í upphafi var hann fyrst og fremst í alvarlegum hlutverkum lék m.a. Galdra-Loft í samnefndri sýningu eftir Jóhann Sigurjónsson árið 1955. Í hlutverki Steinunnar var annar Vestfirðingur nefnilega Erna Sigurleifsdóttir frá Bíldudal. Tíu árum síðar, 1965, sló Gísli svo í gegn sem gamanleikari. Þá var Dario Fo kynntur fyrir landanum í einþáttungunum Lík til sölu og Nakinn maður og annar í kjölfötum. Gísli lék í þeim báðum og fékk hinn umdeilda Silfurlampa, verðlaun leikdómara, það leikárið fyrir leik sinn. Næstu árin lék hann jöfnum höndum gaman sem alvarleg hlutverk. Árið 1956 stofnaði hann síðan Sumarleikhúsið sem setti á svið fjölmarga leiki næstu sumur. Fjórum árum síðar, 1959, gjörist hann svo skólastjóri Leiklistarskóla Leikfélags Reykjavíkur og var þar einn af aðalkennurum meðan skólinn starfaði. Eigi er þó allt talið því enn bætti hann í sinn leikhúshatt þegar hann fór yfir í leikstjórastólinn. Fyrsta leikstjórn hans var á leiknum Systir María árið 1956. Næstu árin setti hann svo upp hverja rómuðu sýninguna af annarri nægir þar að nefna Allir synir mínir, 1958, Hart í bak, 1962, og Tobacco Road, 1969. Ekki nóg með það heldur lék hann einnig í flestum sýningunum var m.a. í hlutverki Jeeters Lesters í síðast nefnda leiknum. Hann var þó ekki aðeins í neðra, einsog Leikfélag Reykjavíkur var oft nefnt þegar það var við Tjörnina, heldur og í efra, í Þjóðleikhúsinu. Lék þar í nokkrum sýningum sem og leikstýrði einum 4 verkum síðast Rómúlus mikla, 1987. Þá er ógetið þáttar hans í Útvarpsleikhúsinu í Ríkisútvarpinu. Þar leikstýrði hann einum 120 leikritum og lék í fjölda verka. Síðasta hlutverk Gísla var einmitt í útvarpinu en þá lék hann Jón Prímus í Kristinhald undir jökli. Var þetta reyndar i þriðja sinn sem hann brá sér í það hlutverk. Talandi um útvarp þá er ekki hægt annað en að minnast á upplestur hans á hinni dásamlegu sögu Góði dátinn Svejk.

Að síðustu er rétt að geta kvikmynda-og skjáleikarans Gísla Halldórssonar. Það kom einhvern veginn engin annar til greina í hlutverk Kormáks afa þegar ákveðið var að filma sögur Guðrúnar Helgadóttur um þá tvíbura Jón Odd og Jón Bjarna, árið 1981, en Gísli Halldórsson. Tíu árum síðar er síðan frumsýnd ein besta íslenska kvikmynd allra tíma, Börn náttúrunnar, eftir Friðrik Þór. Tragíkómísk ræma þar sem Gísli og Sigríður Hagalín fara á kostum í hlutverkum ellismella sem leggja á

ævintýralegan flótta frá elliheimili í borginni til landsbyggðarinnar. Og alla leið á eigin æskustöðvar. Einnig var Gísli dásamlegur í hlutverki karlrembunnar Hannesar í sjónvarpsleikritinu Mat-reiðslunámskeiðið, 1984. Verk þetta fjallar einsog nafnið gefur til kynna um matreiðslunámskeið en það var ætlað körlum sérstaklega. Tveir aðrir vestfirskir leikarar fóru þar einnig á kostum þeir Steindór Hjörleifsson og Guðmundur Pálsson. Ekki má gleyma sjónvarpsþáttunum Sigla himinfley hvar Gísli sýndi stjörnuleik í hlutverki Sigurjóns, útgerðamanns af gamla skólanum.

*Elfar Logi Hannesson*
*Aðalheimild: Gísli Halldórsson. Eftir Hávar Sigurjónsson Morgunblaðið 5. ágúst 1998.*



**Við eigum vogina fyrir þig!**
**Allar vogir fyrir iðnaðinn.**

VOGIR.IS

vogir@vogir.is - 433-2202

# VERKFERILL

- ALHLIÐA MÁLNINGARÞJÓNUSTA -

- **MÁLUN,INNI/ÚTI**
- **SPÖRTLUN/ SANDSPÖRTLUN**
- **LÖKKUN**
- **MÁLUN ÞAKA**
- **OG FLEIRA**

Við höfum reynslu af öllum stigum framkvæmda bæði sem undirverktakar og sem aðalverktakar. Verkferill er í samstarfi við faglærða iðnaðarmenn úr öllum geirum byggingariðnaðarins og því vel í stakk búnir til þess að gera tilboð og hafa yfirumsjón með flestum þáttum tengdum mannvirkjagerð.

VERKFERILL
ALHLIÐA MÁLNINGARÞJÓNUSTA

SIGURGÍSLI GÍSLASON LÖGGILTUR MÁLARAMEISTARI OG BYGGINGAFRÆÐINGUR / SÍMI: 659 7903 / VERKFERILL@VERKFERILL.IS

# MINNI VESTFJARÐA



Sú var tíð að sjávarþorpin á vestfjörðum voru eins og blóm í eggi. Iðandi mannlíf, menning og sagan út um alltEins og segir í sögu Hrafna flóka. “smjör draup af hverju strái” eilíft vor í lofti og bjartsýnin réð ríkjum hjá hverri sálu.

Fólkið sem bjó í þorpunum byggði sér bæi, skóla, bryggjur, flugvelli og vegir voru lagðir. Útvegsbændur byggðu sér öflug skip og fiskhús af flottustu hönnun þess tíma.

Fræknustu sjómenn og fengsælustu skipstjórar við N Atlandshaf mönnuðu flota vestfirðinga sem var sá öflugasti og best búni í víðri veröld. Valinn maður í hverju rúmi.

Harðduglegir íbúar þorpana höfðu nóg að bíta og brenna og atvinnan var meiri en næg fyrir alla.

Erlendir sem íslenzkir farandverkamenn komu í þorpin til að aðstoða heimamenn við að gera verðmæti úr öllum þeim afla sem barst að landi.

Frystihús, salthús, skreiðarhús, fiskimjölsverksmiðjur og lýsisbræðslur voru í hverju þorpi sem möluðu samfélaginu og eigendum sínum gull allt árið.

Peningarnir flóðu frá útlöndum líkt og í lækjum og hagsældin í þorpunum var mikil.

Árið var 1983: Fiskifræðingar og stjórnmálamenn fundu það út að þorskstofninn við Ísland væri ofveiddur.

Þetta sama ár var komið á kvótakeffi við stjórn fiskveiða. Vestfirðingar vöruðu við slíkum bölsýnis spám og töldu að um náttúrlega niðursveiflu væri að ræða.

Vestfirðingar vöruðu við markaðsdrifnu kvótakerfi í fiskveiðum og að sjávarþorpin við Ísland gætu nánast þurkast út þar sem fiskveiðiheimildirnar færðust á hendur örfárra braskara sem gerðu sér sjómennina að þrælum og leiguliðum.

Árið er 2019.

Sjávarþorpin á Vestfjörðum og víðast hvar á landinu eru eins og eyðibýli. Skipin upp höggvin, brend, sökt, eða þeim hreinlega verið stolið eins og mörg dæmin sanna.

Tilvitnun í Íslandsljóð Einars Benediktsonnar.

*Þú fólk með eymd í arf !*
*Snautt og þyrst við gnóttir lífsins linda,*
*litla þjóð, sem geldur stórra synda.*

Tilvitnun lýkur.

Örfá sjávarútvegsfyrirtæki eru eftir á Vestfjörðum, nánast allur flotinn er farinn.

Stór hluti af íbúunum er flúin eða við það að flýja.

Þeir sem fara og eru farnir eru flest allir meira og minna gjaldþrota og eignarlausir.

Þeir sem eftir hokra verða að sætta sig við sjálfskipuð yfirvöld þorpanna sem haga sér flest líkt og Jóhann Bogesen stórversír á Óseyri við Axafjörð forðum daga í söguni Sölku Völku.

Það er komið meira en nóg af ofbeldi sem íslenzk stjórnvöld hafa farið fram með gegn íbúunum í sjávarþorpum vestfjarða.

Það verður aldrei sátt né friður á meðan ekki verður snúið til réttlætis og fiskveiði auðlindinni aftur skilað.

*Níels A. Ársælsson*
*Tálknafirði*




Það er alltaf rétti tíminn að eignast vandaðan heitan pott á hagstæðu verði.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA Í YFIR 30 ÁR

NormX hitaveitupottar

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir **30 ár**. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

Við seljum lok á alla okkar potta.

NORMX

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · www.normx.is

# ÁSCO

BÍLARAFMAGN-Fljót og örugg þjónusta

**BÍLARAFMAGN · VARAHLUTIR · RAFGEYMAR · ALPINE · HLJÓMFLUTNINGSTÆKI**

Glerárgata 34b v/ Hvannavelli · 600 Akureyri · Sími: 461 1092 · E-mail: asco@asco.is

# Sagnasjóður handa nýrri öld

## Íslendingasögur og þættir
## í nýrri og glæsilegri fimm binda heildarútgáfu




„Íslendingasögurnar eru úrvalsverk heimsbókmenntanna og fá enn nýtt líf í þessari vönduðu útgáfu Saga forlagsins. Þær hafa öllu öðru fremur skapað og styrkt vitund Íslendinga sem þjóðar við útmörk Evrópu og verið okkur siðferðislegur leiðarvísir og vísidómsbrunnur. Enn eru þær sístarfandi að mótun okkar og mikilvægi þeirra er augljóst á hvaða tímum sem er - og kannski sérstaklega nú á okkar dögum."

*Arnaldur Indriðason:*

„Við Íslendingar eigum engar fornar borgir með höllum og höfuðkirkjum, listasöfnum eða háskólum. En við eigum fornar bækur með listaverkum á borð við Íslendingasögur og það eru okkar dýrgripir, hallir og höfuðkirkjur, listasöfn og háskólar."

*Einar Kárason:*

„Íslendingasögurnar bjóða okkur að setjast við fótskör formæðra okkar og forfeðra þar sem við heyrum þau sjálf segja frá sigrum sínum og sorgum, vonum og ótta. Enn berst þaðan hvinur af sverðum og gustur hnífbeittra orða."

*Gerður Kristný:*

Ritstjórar útgáfunnar eru Aðalsteinn Eyþórsson, Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson.
Útgáfan er skreytt 40 myndum eftir dönsku listakonuna Karin Birgitte Lund.

Útgáfan er aðgengileg og læsileg, sögurnar 40 og þættirnir 51 eru á nútímastafsetningu og þeim fylgja ítarlegir formálar sem greiða götur um veröld sagnanna, vandaðar orðskýringar, vísnaskýringar og nafnaskrá auk greina og mynda sem varpa ljósi á húsakost og híbýli, skip og siglingar, vopn og verjur. Þá fylgir útgáfunni sagnalykill sem nýtist þeim sem vilja skyggnast dýpra í sagnaheiminn, skoða sambærilega þætti í fleiri en einni sögu, hvort sem áhuginn beinist að bardögum og vígum, haugum, dysjum og helgum fjöllum eða útræði og hlunnindum, aflraunum og líkamsburðum eða draugum og reimleikum, svo nokkur dæmi séu nefnd.

**Bækurnar fimm eru einstaklega vandaðir prentgripir**

SAGA
FORLAG

vinland@centrum.is ▪ sími: 8937719 ▪ 5627950 ▪ www.sagaforlag.is

# Öflugar viftur

## Iðnaðarviftur fyrir íslenskar aðstæður

**Loftviftur - Þakviftur - Reykviftur - ATEX viftur og bara venjulegar viftur**

**Þú færð viftuna hjá okkur:**

viftur.is
-andaðu léttar

íshúsið

S:566 6000 • ishusid@ishusid.is • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

---

FOOD STATION

RESTAURANT & SHOP

**Nýr og glæsilegur veitingastaður í Borgarnesi!**

**Hollari valkostur við þjóðveginn!**

Matarmikil salöt og heimagerður heitur matur

Staðgóður brönch um helgar

Við bjóðum einnig upp á heimagerðar samlokur, pasta– og núðlurétti, skyrboost, pylsur, kaffi og kruðerí ásamt nesti í bílinn.

Einnig erum við með gott úrval af nauðsynjavörum

**Digranesgötu 4, 310 Borgarnesi, sími 430-5600**

# VESTFIRÐIR

**3.400** eintök á öll heimili og fyrirtæki á Vestfjörðum

13. tölublað
8. árgangur



**ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?**

Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.

**Formbólstrun**

Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is


## Sameigilegur starfsdagur skólanna á sunnanverðum Vestfjörðum

Mánudaginn 11. nóvember var haldinn sameiginlegur starfsdagur skólanna á sunnanverðum Vestfjörðum. Það er mjög mikilvægt í starfsþróun starfsmanna að fá tækifæri til þess að bæði deila eigin þekkingu sem og læra af öðrum. Samtals voru um 60 manns sem voru saman komnir á starfsdeginum.

Fyrir hádegi sátu allir starfsmenn fjögurra tíma námskeið á vegum Barnaheill sem ber nafnið Verndarar barna. Þar fengu allir starfsmenn þjálfun í forvörnum gegn kynferðisofbeldi á börnum. Eftir hádegi tók Tálknafjarðaskóli við þar sem skólastjóri byrjaði á að kynna skólann og starfsemi hans. Að lokinni skoðunarferð um skólann vorufjórar málstofur þar sem starfsmenn Tálknafjarðarskóla deildu þekkingu sinni í: 1. Útikennsla, yoga og núvitund, 2. Lifandi Leikskólastarf, 3. Tækni í skólastarfi og 4. Skógræktin og skólastarfið, gönguferð.

Um kvöldið var fyrirlestur frá Barnaheill um sama efni fyrir foreldra og fór það fram í Patreksskóla en skólastjóri streymdi fyrirlestrinum á facebooksíðu skólans þar sem enn er hægt að nálgast efnið.

Birna Friðbjört S. Hannesdóttir, skólastjóri Tálknafjarðarskóla segir að starfsmenn Tálknafjarðarskóla séu mjög ánægð með vel lukkaðan starfsdag. „Það var virkilega gaman að fá fólk í heimsókn, sýna flotta skólann okkar og það starf sem við erum að vinna hér. Við þökkum Bíldudalsskóla, Patreksskóla og Leikskólanum Ara} kletti fyrir komuna.“

VARMADÆLUR HENTA SÉRSTAKLEGA VEL Á „KÖLDUM“ SVÆÐUM LANDSINS, ÞAR SEM EKKI ER HITAVEITA!

Hagkvæmar í rekstri | Endingargóðar | Umhverfisvænar | Hljóðlátar

Stærsti orkugjafi okkar er sólin, hún hitar andrúmsloftið í kringum okkur sem jafnvel við lágt hitastig inniheldur varmaorku. Varmadælan nýtir orkuna úr loftinu og færir inn í húsnæðið með kælimiðli og dreifir með loftblásara eða varmaskipti.

Hafðu samband, við erum sérfræðingar í varmadælum.

FUJITSU FUJITSU varmadælurnar eru þekktar fyrir gæði og þeim fylgir 5 ára ábyrgð.

GASTEC
- ÞEKKING & ÞJÓNUSTA -

WWW.GASTEC.IS | VAGNHÖFÐA 9 | 110 REYKJAVÍK | SÍMI 587-7000 | OPIÐ 8:00-18:00 ALLA VIRKA DAGA



nettó Á NETINU



NETTÓ Á NETINU
- ÓDÝRT OG ÞÆGILEGT -



VILTU AUGLÝSA Í VESTFJÖRÐUM?

AUGLÝSINGADEILDIN ER OPIN ALLA VIRKA DAGA FRÁ KL. 9:00 – 17:00.
AUGLÝSINGASÍMINN ER 578-1190 NETFANG: AUGLYSINGAR@FOTSPOR.IS